



Leiðbeiningar fyrir lækna sem starfa í návígi við andlit sjúklinga sinna á neyðarstigi vegna COVID-19

Grundvallarvarúð gegn sýkingum

Almenna reglan er að heilbrigðisstarfsfólk viðhafi ávallt [grundvallarvarúð gegn sýkingum](#) í störfum sínum við alla sjúklinga. Það felur í sér handhreinsun, varúð við hósta og hnerra, fyrirbyggingu stunguóhappa, örugga meðferð sorps, þrif í umhverfi og hreinsun, sóttgreiningu eða dauðgreiningu áhalda og búnaðar sem notaður er við umönnun og meðferð sjúklinga.

Sértækar sýkingavarnir felast í að rjúfa smitleiðir sýkils manna á milli. Skynsamleg og rétt notkun hlífðarbúnaðar í samræmi við smitleiðir og handhreinsun draga úr dreifingu sýkla. Allt starfsfólk sem notar hlífðarbúnað við störf sín þarf að kunna rétta notkun og fylgja reglum um umgengni.

Ef sinna þarf bráðabjónustu fyrir einstakling með einkenni ætti að takmarka fjölda starfsmanna eins og hægt er og reyna að láta viðkomandi ekki sitja með öðrum sjúklingum á biðstofu. Öllum skoðunum og aðgerðum sem mega bíða ætti að fresta þar til veikindi eru gengin yfir.

Sjá einnig [leiðbeiningar fyrir sjálfstæð fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu](#) og [tillögur fyrir slík fyrirtæki á neyðarstigi](#) sem sinna [einstaklingum með áhættuþætti](#) í bland við aðra.

Þegar COVID-19 gengur yfir samfélagið er líklegt að einstaklingar með væg einkenni komi í eftirlit eða meðferð hjá læknum og tannlæknum án þess að gera sér grein fyrir að þeir séu smitandi.

Eins er hugsanlegt að hraustir lækna og tannlækna geti verið með lítil sem engin einkenni en geti smitað viðkvæma einstaklinga í því návígi sem þeir starfa við andlit sjúklinga sinna.

Til varnar COVID-19 sýkingu á neyðarstigi skal beita varúð m.t.t. dropa- og snertismits gagnvart **öllum sjúklingum**. Það felur í sér að **allir** sem koma inn á stofu þar sem sjúklingur dvelur nota:

- Skurðstofugrímu.
- Einnota hanska og vandaða handhreinsun þegar hanskar eru teknir af ef yfirborð innan seilingar við sjúkling eru snert.
- Hlífðarslopp ef yfirborð í herbergi eru snert (s.s. tæming ruslafötu/þrif).

Við störf innan 1 m frá höfði sjúklings skulu starfsmenn nota: (læknir og aðstoðarfólk)

- FFP2/FFP3 grímu. Athugið að ef sjúklingur er í áhættuhópi fyrir alvarlega sýkingu skal **ekki** nota grímu með ventli.
- Einnota hanska og vandaða handhreinsun þegar hanskar eru teknir af.
- Hlífðarslopp með löngum ermum.

Gangið tryggilega frá notuðum hlífðarbúnaði í poka sem ekki má flæða upp úr. Hlífðarbúnaður sem ekki er mengaður með blóði má fara í almennt sorp.

Hlífðarbúnaður fyrir sjúkling:

Augnlæknar: Mælt er með að sjúklingur hafi a.m.k. skurðstofugrímu meðan skoðun fer fram, óháð einkennum. Ef hann er með hósta/hnerra er rétt að nota FFP2 grímu (**ekki** með ventli) ef ekki er hægt að fresta skoðun.

HNE-læknar: Mælt er með að sjúklingur hafi FFP2 grímu meðan eyrnaskoðun fer fram ef hann er með hósta/hnerra ef ekki er hægt að fresta skoðun.

Tannlæknar: Sjá sérstakar leiðbeiningar frá Tannlæknafélagi Íslands.